

ATHUGUN Á HALLÁ 1987

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1988

VMST-N/88012X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

HALLÁ 1987

INNGANGUR

Dagana 28. og 30. júlí var Hallá athuguð með tilliti til laxræktarmöguleika. Áin var skoðuð og metin í henni uppvaxtarskilyrði fyrir laxaseiði, jafnframt því sem gerð var úttekt á núverandi ástandi seiðastofnanna. Alls var rafveitt á 9 stöðum. Seiðin sem veiddust voru öll lengdarmæld, auk þess sem sýni til greiningar á aldri þeirra voru tekin af seiðum úr hverjum lengdarflokki.

Þessi athugun var framkvæmd að beiðni formanns veiðifélagsins. Niðurstöðurnar voru auðtúlkaðar og var formanninum gerð munnlega grein fyrir þeim daginn sem athuguninni lauk. Í þessari skýrslu eru gögnin kynnt og túlkuð og gerðar tillögur um ræktun árinna.

LÝSING Á ÁNNI

Hallá er dæmigerð dragá, sem á upptök sín á Skagaheiði. Hún var skoðuð frá um 1/2 km fyrir neðan samruna Þverárkvísla og niður að ósi (Mynd 1). Efst var áin vart meira en lækur, niðurgrafinn og um 4 m á breidd. Þar var botninn grýttur. Er svo allt niður undir Þverá. Það er einmitt á grýttum flúðum sem laxaseiði kjósa helst að alast upp, því þar finna þau skjól við steina og þar er einnig mest framboðið af fæðudýrum hans.

Áin verður smám saman breiðari og hallaminni. Botnefnin verða finni, breytast frá því að vera að mestu grjót-smágrjót í að verða mól-fín mól neðar. Þar sem malarbotninn er ríkjandi skiptast á brot og breiður (jafnvel hyljir) og er botninn þá grófari og skjólmeiri á brotunum. Þegar komið er niður undir Sæunnarstaði er fín mól orðin ríkjandi botngerð og uppeldisskilyrði eru þar orðin rýr fyrir laxaseiði, einkum þegar þau eru komin fram á annað sumar.

Milli Sæunnarstaða og Blálands eru uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði víðast léleg, og sandblendinn fín malarbotn ríkjandi botngerð. Þar fyrir neðan eykst halli árinna aftur og þar eru í henni einstaka grýtt brot. Um 1.5 km fyrir ofan Þjóðveginn er lítill foss. Þar fyrir neðan er áin víðast grýtt og fellur víða á grýttum klapparbotni, niður að vegi.

Fyrir neðan veginn er áin grýtt og skjólgóð. Tæpum 1 km neðar eru fossar í ánni og þaðan fellur hún í grýttu gljúfri til sjávar. Bestu uppeldisskilyrði árinna eru á neðstu 3 km eða svo, þar sem hún er grýtt. Þar er hún einnig hlýjust og auðugust af næringarefnum.

NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA OG ALYKTANIR

Rafveiðistaðirnir 9 eru merktir inn á kort (Mynd 1). Lax var allstaðar ríkjandi tegund, en auk laxaseiða veiddust urriðaseiði á stöðum 2-5. Aðrar tegundir veiddust ekki.

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1, og á Myndum 2 og 3 er sýnd lengdar- og aldursdreifing veiddra seiða á hverjum stað. Þau seiði sem klöktust út vorið 1987 kallast 0+, seiði frá vorinu 1986 1+, o.s.frv.

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða af mismunandi aldri í Hallá 28. og 30. júlí 1987.

Staður nr	Stærð m	fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+
1	55x4	-	-	8.2	0.5
2	50x4	-	4.5	19.0	-
3	45x5	12.0	7.6	5.3	-
4	20x7	20.7	11.4	7.9	-
5	45x5	-	15.6	0.4	-
6	20x10	-	7.0	6.5	-
7	40x17	-	0.2	4.4	-
8	30x15	-	-	1.6	0.2
9	30x8	-	17.1	0.4	-

Staður nr	Stærð m	fjöldi veiddra urriðaseiða á 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+
2	50x4	-	-	2.5	-
3	45x5	-	0.4	0.4	-
4	20x7	2.9	3.6	-	-
5	45x5	0.4	0.4	-	-

Á efsta staðnum veiddust nánast eingöngu 2+ laxaseiði en eitt 3+ seiði ber vitni hrygningu í efsta hluta árinna haustið 1983 (klak vorið 1984). Á stað 2, skammt fyrir ofan Þverá, veiddust 1+ og 2+ seiði, en vorgömul seiði komu fyrst í ljós á stað 3, miðja vega milli Bergstaða og Þverár (Mynd 2, Tafla 1). Þetta bendir til að lax gangi fram að Þverá, eða þar um bil. Þar fyrir framan er áin of lítil og skortir einnig hylji þar sem hrygningarlax gæti haldið sig. Hinsvegar leita laxaseiðin á móti straumnum, og þess vegna finnum við þessa dreifingu á mismunandi aldurshópum.

Frá stað 5 og niðurúr fundust hvergi vorgömul seiði, og líklegast hefur aldrei hrygnt lax á þessu svæði öllu haustið 1986. Seiði á öðru ári (1+, klak 1986) veiddust ekki á stöðum 6 og 7, þ.e. á "millifossasvæðinu". Þarna veiddust nær eingöngu 2+ seiði, að einu 3+ seiði undanskildu. Fyrir neðan fossana í gilinu veiddust nær eingöngu 1+ seiði.


Dreifing seiða frá stað 5 og niðurúr, bendir til að veiðiálag á þessum kafla hafi verið mjög mikið og hrygning því óregluleg jafnt í tíma sem í rúmi. Þetta veldur fremur slæmri nýtingu á uppeldisskilyrðum, þar sem þau eru best í ánni.

Vöxtur seiða í Hallá er góður, og flest seiði virðast ganga til sjávar eftir þriggja ára ferkvatnsdvöl. Fæð 3+ seiða í ánni bendir þó til að gönguseiðaframleiðslan síðastliðið ár hafi ekki verið stór, og að aukningar í veiði sé tæplega að vænta fyrr en sumarið 1989. Þetta kemur þó betur í ljós í sumar.


Í Hallá eru uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði víða góð. Með betri nýtingu þessara skilyrða myndi laxgengd í ána aukast verulega frá því sem verið hefur. Áin er frekar lítil og í árum þegar göngur eru litlar er mikil hætt á að of lítið af hrygningarlaxi verði eftir á ýmsum svæðum til að eðlileg nýliðun geti átt sér stað. Því er mikilvægt að takmarka veiðiálagið í slíkum árum.

Þegar göngur eru góðar er hinsvegar meiri hætt á að hrygningarstofninn verði of stór. Það myndi leiða til of mikillar ásetningar sem ylli lakari vexti og auknum afföllum seiða.


Sleppingar smárra laxaseiða (5-6 cm) koma til greina til að nýta betur uppeldisskilyrði Hallár. Í því tilfelli er mikilvægt að einungis verði notuð seiði af stofni árinna. Slíkar sleppingar verður einnig ávalt að miða við ástandið á hverjum tíma, því að sé sleppt þar sem nóg er af seiðum fyrir geta afleiðingarnar orðið þveröfugar við það sem stefnt er að. Gönguseiðasleppingar hafa hingað til almennt gefist illa norðanlands, og ekki líklegri til að skila meiri árangri í Hallá en í öðrum nærliggjandi ám.



Mynd 1. Yfirlitskort af Hallá. Rafveiðistaðir 28. og 30. júlí 1987 eru merktir með tölunum 1-9.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Hallá 28. og 30. júlí 1987.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Hallá 28. og 30. júlí 1987. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).